

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Bæjarskrifstofunum
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

HVERFIGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík 19. október 2012

Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2013.


Með bréfi þessu fara Neytendasamtökin þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.


Neytendasamtökin hafa í tæp 60 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsmenn eru um 9.000 og standa þeir að mestu undir rekstri starfseminnar með félagsgjöldum sínum. Samkvæmt þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið reka Neytendasamtökin leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu sem þjónustar alla neytendur hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Samkvæmt samningnum greiða stjórnvöld á þessu ári 8.5 mill. króna en það kostar Neytendasamtökin um 24 mill. króna að reka þessa þjónustu. Að mati Neytendasamtakanna er óeðlilegt að svo stór hluti gjalda félagsmanna fari í að halda úti þessari samfélagslegu þjónustu. Minnt er á að í sumum nágrannalanda okkar sinna sveitarfélög slíkrri þjónustu fyrir neytendur og því er ekki óeðlilegt að sveitarfélög hér á landi taki þátt í að greiða fyrir þessa þjónustu.

Neytendasamtökin vilja einnig minna á að miklar kröfur eru gerðar til samtakanna og margir virðast reyndar halda að um sé að ræða opinbera stofnun. Það er okkar tilfinning að allir vilji hafa öflug Neytendasamtök en oft fer minna fyrir áhuganum á að styðja við samtökin þannig að þau geti orðið enn öflugri.

Neytendasamtökin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna þeirra þátta í starfsemi sinni sem teljast samfélagsleg verkefni. Miðað er við 18 krónu framlag á hvern íbúa miðað við íbúatölu eins og hún er hjá Hagstofunni. Því sækja Neytendasamtökin um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að upphæð 476.748 krónur vegna starfsársins 2013.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22.10.2012
Málsnr:	1210444
Bréfal:	105